

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 5-2017

Tími: Föstudagur 21. apríl 2017 í fjarfundarbúnaði og í síma kl. 14:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir á Hvanneyri, Hafdís Hanna Ægisdóttir á Keldnaholti og Hilmar Janusson og Sigríður Hallgrímsdóttir í símanum. Guðríður Helgadóttir var á Reykjum og ritaði fundargerð.

1. Niðurstaða fjárhags 2016.

Ársreikningur fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands 2016 hefur nú verið staðfestur og gefinn út af Fjársýslu ríkisins. Meginniðurstöður eru þessar fyrir 2016 (tölur 2015 í sviga) í [m.kr.](#) Hagnaður ársins reyndist 67,7 (32,5). Vegna viðsnúnings í rekstri og afskrifta alþingis á stórum hluta skulda stofnunarinnar við ríkissjóð þá var höfuðstóll í árslok jákvæður um 8,4 [m.kr.](#) (-400,2 [m.kr.](#)) Greiðslustaða við ríkissjóð var -38,3 (-445,9). Ljóst er af þessari niðurstöðu að alger viðsnúningur hefur orðið í fjárhag skólans.

Rætt var um eignir skólans og nauðsyn þess að skólinn haldi skipulagt bókhald yfir allar eignir sínar, svo sem húseignir, jarðeignir og búnað. Þetta bókhald er ekki nægilega gott í dag og mikilvægt að koma því í viðunandi ástand. Varðandi jarðeignir þá gilda aðrar reglur um þær en aðrar eignir skólans, forræði jarðeigna er á hendi Ríkiseigna. Rektor mun kanna hvort skólinn geti haft jarðeignir inni í eignaskrá skólans.

2. Samningaviðræður Lbhí við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (anr)

Samningur Lbhí og atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis frá 15. maí 2013 og gildi til og með 2016 er runninn út. Samningur þessi skilgreindi væntingar ráðuneytisins varðandi rannsóknir nýsköpun og sérfræðiráðgjöf fyrir þær fjárveitingar sem skólinn fékk af fjárheimildum ráðuneytisins. Það var jafnframt skilningur ráðuneytisins að gera þyrfti sérsamninga vegna þeirra viðbótarfjárveitinga sem alþingi veitti í gegnum ráðuneytið. Slíkir samningar voru gerðir vegna 2015 og 2016. Ennfremur liggur fyrir viðbótarfjárveiting af sama toga fyrir 2017.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er birt stefna mismunandi málefna sviða, m.a. málefna sviðs 12, Landbúnaðar. Nýir áhersluþættir eru nú settir fram með nýjum hætti, með vaxandi þunga inn á svið umhverfisrannsókna og umhverfismála og sjálfbærni almennt.

Háskólaráð leggur til að leitað verði eftir opnu rammisamkomulagi sem gefi skólanum eðlilegt svigrúm til að stýra verkefnaáherslum út frá faglegum sjónarmiðum og samráði við fulltrúa atvinnulífsins.

Í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins hefur verið rætt við það um gæði, fagháskólamál og menntun kennara í tengslum við stefnumótun skólans.

3. Tillaga auðlindaeildar um næstu kennararáðningar

Kynntar voru fyrir ráðinu hugmyndir deildarforseta og deildarráðs um næstu skref í ráðningum kennara og þær hugmyndir ræddar. Ítarlegri stefnumörkun um framtíðaráherslur í mannaráðningum innan deildar er ekki lokið og mikilvægt að áfram verði rætt um þessi mál innan deildar. Rektor og fulltrúa í háskólaráði og deildarráði falið að fylgja málinu eftir.

4. Framtíð samnings um Mið-Fossa

Lögð var fyrir ráðið greinargerð starfshóps um mögulega uppbyggingu kennsluástöðu á Hvanneyri vegna reiðkennslu. Tólf ára leigusamningur skólans um hestamiðstöð á Mið-Fossum rennur út 2018. Eigendur hafa kynnt hugmyndir um 26% hækkun á leigu fyrir hesthús og reiðhöll, en 10% hækkun á leigu fyrir jörð og íbúðarhús. Kostnaður við rekstur og leigu miðstöðvarinnar var um 20 [m.kr.](#) ári síðustu tvö ár (2015 og 2016) að teknu tilliti til tekna vegna útleigu á stíum. Niðurstaða starfshópsins er sú að vænlegasta leiðin til að losa skólann undan þessum mikla kostnaði til lengri tíma sé sú að byggja fjölnota skemmu sem kostar um 45 [m.kr.](#)

Rætt var um að nauðsynlegt sé að uppbygging af þessu tagi eigi sér grundvöll í stefnumótun skólans.

Háskólaráð felur rektor og framkvæmdastjórn að útfæra tillögu starfshópsins í samræmi við endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2017 og í samráði við menntamálaráðuneytið og Framkvæmdasýslu ríkisins.

5. Önnur málefni húsnæðis og aðstöðurekstrar

Væntanleg er í lok aprílmánaðar skýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins um ástand húsakosts á Reykjum.

Skólinn hefur áhuga á að segja sig frá umsjón með Straumfræðihúsi á Keldnaholti og jörðinni Þormóðsdal með formlegum hætti með bréfi til ríkiseigna. Lagt var til að í stað þess að skólinn segi sig frá umsjón með þessum eignum að þá leiti hann heimildar til að selja viðkomandi eignir og að andvirðið renni til uppbyggingar á vegum skólans.

Þriðja hæð austurálmú Keldnaholts tæmist á næstunni og hægt að auglýsa þar rými til leigu.

6. Valnefnd vegna ráðningar rektors

Rætt var um tillögur að einstaklingum í valnefnd vegna ráðningar rektors. Rektor var falið að senda tillögur um valnefndarfulltrúa til ráðsmanna og halda þeirri umræðu áfram með tölvupósti milli ráðsmanna.

6. Önnur mál

- a) **Siðanefnd**
Þórdís Ingadóttir lögfræðingur og dósent við HÍ hefur tekið að sér að vera formaður siðanefndar Lbhí.